



Leigusamningur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur kt. 540602 - 4410, hér eftir nefndur leigusali og Árnes á Íslandi ehf kt. 560317-1070 hér eftir nefndur leigutaki

Hér eftir nefndur leigutaki, gera með sér svohljóðandi leigusamning :

1. gr.

Leigusali leigir leigutaka neðangreinda fasteign :

1. Nónsteinn

Leigusali leigir leigutaka gistiheimilið Nónstein fastanr. 220-2218 168 m² að stærð sjá meðfylgjandi uppdrátt sem fylgir samningnum. Að auki fylgir borðbúnaður, eldunarähöld, rúm, sængur og koddar samkvæmt lista sem skal fylgja samningi þessum og er samþykktur af leigutaka og leigusala.

2. gr.

Samningur þessi tekur gildi þann 1. maí 2020 og gildir til 31.12. 2020.

3. gr.

Fjárhæðir og greiðsla leigu er eftirfarandi:

- Greiðsla fyrir Gistiheimilið Nónstein skal vera 200.000 kr pr mánuð . Fyrir mánuðina maí, júní, júlí, ágúst og september. Fyrir október, nóvember og desember skal leigan vera 50.000 kr pr mánuð. Framangreindar leigufjárhæðir breytast ekki á leigutímanum.

Leigutaki skal greiða leigu fyrir hvern mánuð eftirá fyrsta dag hvers mánaðar.

4.gr.

Gistiheimilið Nónsteini, er leigt leigutaka til gistaðstöðu. Önnur starfsemi er óheimil nema með samþykki leigusala.

Leigutaka er skylt að fara vel með hið leigða húsnæði og svæði. Skylt er honum að bæta að fullu skemmdir er orsakast kunna af vanrækslu eða yfirsjóna hans eða fólks á hans vegum.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is

Leigutaki skal annast á sinn kostnað viðhald á læsingum, vatnskrönum, raftenglum og öðru smálegu. Leigutaki sér einnig um viðhald sem kemur til af völdum hans, starfsfólks hans, eða annarra manna sem hann hefur leyft aðgang að húsnæðinu eða umgang. Leigusali sér um allt venjulegt viðhald utanhúss. Leigusali annast viðgerðir á gluggum, raftækjum hreinlætistækjum og öðru því sem fylgir húsnæðinu ef leigutaki sýnir fram á að bilanir verði ekki raktar til vanrækslu eða yfirsjónar leigutaka eða fólks á hans vegum.

Leigutaki getur komið með tillögur að viðhaldsverkefnum í tengslum við árlega fjárhagsáætlunargerð leigusala, þeim ber að skila fyrir lok októbermánaðar ár hvert.. Leigutaka ber að leita til leigusala með viðhaldsverkefni sem koma upp á hverjum tíma og eru í skyldum leigusala að sjá um.

Að öðru leiti en hér að framan greinir varðandi viðhald á leigðu húsnæði, skal fara eftir IV. kafla Húsaleigulaga 1994 nr. 36.

Öll viðhaldsverkefni skulu borin undir sveitarstjóra eða umsjónarmann fasteigna til samþykktar, sé það ekki gert ber leigutaki sjálfur kostnað vegna verksins.

5. gr.

Naglfastar innréttigar verða eign leigusala að leigutíma loknum. Leigutaka er óheimilt að endurleigja húsnæðið nema að fengnu samþykki leigusala. Leigutaki hefur heimild til að merkja húsnæðið að utanverðu.

6. gr.

Hafi leigutaki ekki gert skil á leigu á umsömdum tíma og eftir skriflega áskorun þar um eða standi ekki við önnur skilyrði þessa samnings má segja upp samningi við hann, án fyrirvara. Leigutaki leggur fram tryggingu sem nemur leigu eins mánaðar.

7. gr.

Við lok leigutíma er leigutaka skylt að skila hinu leigða húsnæði að öllu leyti í góðu ástandi að öðru leyti en því sem telst slit af eðlilegri notkun og venjulegri umgengni.

8. gr.

Þar sem ákvæði samnings þessa ná ekki til skulu gilda ákvæði laga nr. 36 1994, húsaleigulög.

9. gr.

Rísi mál af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Suðurlands. Samningur þessi er gerður í tvíriti og heldur hvor aðili sínu eintaki.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is

Árnesi 20 janúar 2020

F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

F.h. Arnes á íslandi

Arnes á íslandi.

Arnes á íslandi

Vottar að réttri undirskrift, dagsetningu og fjárræði:

Duníug Þórssdóttir 150151-3929

Nafn

Kennitala

Kristjana Heyðen Þórssd. 291250-3879

Nafn

Kennitala

